

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/71/EB

2011/EES/20/13

frá 13. desember 2007

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum (1), einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 27. september 2003 öðlaðist IV. viðauki við MARPOL-samninginn frá '73/78 um varnir gegn mengun af völdum skólps frá skipum gildi og endurskoðuð útgáfa hans öðlaðist gildi 1. ágúst 2005.
- 2) Í 16. gr. tilskipunar 2000/59/EB er kveðið á um að fresta skuli framkvæmd tilskipunarinnar að því er varðar skólps í 12 mánuði frá gildistöku IV. viðauka við MARPOL-samninginn.
- 3) Skipstjóra skips, sem er á siglingu til hafnar í aðildarríki, ber, skv. 6. gr. tilskipunar 2000/59/EB, skylda til að fylla út eyðublaðið í II. viðauka við tilskipunina og koma upplýsingunum á framfæri við yfirvald eða stofnun sem aðildarríkið, þar sem höfnin er staðsett, hefur tilnefnt í þessu skyni.

4) Í II. viðauka er ekki vísað til skólps og því ber að breyta honum þannig að skólps komi til viðbótar þeim tegundum úrgangs sem ber að tilkynna áður en komið er til hafnar. Skoða skal ákvæði tilskipunarinnar að því er varðar skólps, með tilliti til reglnanna í IV. viðauka við MARPOL-samninginn, þar sem kveðið er á um að við sérstakar aðstæður sé mögulegt að losa skólps á hafi úti. Þessi ákvæði gilda með fyrirvara um strangari afhendingarkröfur fyrir skip sem eru samþykktar í samræmi við þjóðarétt.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 (2).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við tilskipun 2000/59/EB komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. júní 2009. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2010 frá 10. desember 2010 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, 31.3.2011, bls. 12.

(1) Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2002/84/EB (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 53).

(2) Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 93/2007 (Stjtið. ESB L 22, 31.1.2007, bls. 12).

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. desember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM BER AÐ TILKYNNNA ÁÐUR EN KOMIÐ ER TIL HAFNAR Í

(Viðtökuhöfn sem um getur í 6. gr. tilskipunar 2000/59/EB)

1. Nafn og kallmerki skipsins og, ef við á, IMO-auðkennisnúmer.
2. Fánariki:
3. Áætlaður komutími (ETA):
4. Áætlaður brottfarartími (ETD):
5. Fyrri viðkomuhöfn:
6. Næsta viðkomuhöfn:
7. Síðasta afhendingarhöfn og dagsetning afhendingar úrgangs frá skipinu:
8. Afhenda á (merkið í viðeigandi reit):

allan úrganginn hluta úrgangs engan úrgang

í móttökuaðstöðu í höfn.

9. Tegund og magn úrgangs og farmleifa, sem á að afhenda og/eða verða eftir um borð, og hundraðshluti þess magns af hámarksgeymslurými:

Ljúkið við annan dálkinn, eins og við á, ef afhenda á allan úrganginn.

Ljúkið við alla dálkana ef afhenda á hluta úrgangsins eða engan úrgang.

Tegund	Úrgangur sem afhenda á m ³	Hámarks- geymslurými m ³	Magn úrgangs sem verður eftir um borð m ³	Höfnin þar sem afhenda á afgang- úrgang	Áætlað magn úrgangs sem verður til frá birtingu þessarar tilkynningar og þar til komið er til næstu hafnar m ³
Oliúrgangur					
Seyra					
Kjölvatn					
Annað (tilgreinið)					
Sorp					
Matarúrgangur					
Plast					
Annað					
Skólp ⁽¹⁾					
Farmtengdur úrgangur ⁽²⁾ (tilgreinið)					
Farmleifar ⁽²⁾ (tilgreinið)					

⁽¹⁾ Heimilt er að losa skólp á hafi úti í samræmi við 11. reglu í IV. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78. Ef heimiluð losun á hafi úti er fyrirhuguð þarf ekki að fylla út samsvarandi reiti.

⁽²⁾ Um mat getur verið að ræða.

Athugasemdir

1. Heimilt er að nota þessar upplýsingar vegna hafnarríkiseftirlits og annars eftirlits.
2. Aðildarríkin munu ákveða hvaða aðilar fá afrit af þessari tilkynningu.
3. Fylla ber út þetta eyðublað nema því aðeins að skipið falli undir undanþágu í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2000/59/EB.

Undirritaður staðfestir:

- að framangreindar upplýsingar eru nákvæmar og réttar og
- að nægilegt, sérhæft geymslurými er um borð í skipinu fyrir allan þann úrgang sem kann að verða til frá birtingu þessarar tilkynningar og þar til komið er til næstu afhendingarhafnar.

Dagsetning

Tími

Undirskrift
